

Borgarstjórn
18. febrúar 2020

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um heimavist fyrir framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beita sér fyrir stofnun heimavistar fyrir framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við menntamálaráðuneytið og leggja þannig grunn að auknu jafnrétti til náms óháð búsetu. Mögulegar staðsetningar verði í nálægð við framhaldsskóla og góðar almenningssamgöngur og ýti þannig undir fjölbreytta ferðamáta og mannlíf í borginni.

Greinargerð:

Á 149. löggjafarþingi var lögð fram sú þingsályktunartillaga að fela mennta- og menningarmálaráðherra, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, að beita sér fyrir stofnun heimavistar á höfuðborgarsvæðinu fyrir framhaldsskólanema. Markmiðið með tillögunni sem hér er lögð fram er að borgarstjórn lýsi vilja sínum til að hefja virkt samtal um þetta mál við viðeigandi aðila og vilja sínum til að stuðla að þeim mögulegu skipulagsbreytingum og tengdu atriðum sem kunnu að vera nauðsynleg forsenda stofnunar slíkrar heimavistar sem samstarfsverkefnið ríkis og sveitarfélaga.

Fjölbreytnin í menntunarúrvali er meiri á höfuðborgarsvæðinu og því velja margir nemar af landsbyggðinni að sækja sér menntun til höfuðborgarsvæðisins. Það getur reynst ungu fólki erfitt og kostnaðarsamt að finna sér örugga búsetu við flutninginn. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þau geti öll búið hjá ættingjum eða kuningjum sem leiðir til þeirrar stöðu að þurfa að búa ein síns liðs frá því um 16 ára aldurinn sem er mun fyrr en hjá flestum ungmönnum sem alin eru upp á höfuðborgarsvæðinu og geta búið í foreldrahúsum meðfram námi. Margir erfiðleikar geta fylgt því að þurfa að flytja að heiman ung að aldri án þeirrar festu sem gjarnan fylgir því að vera í umsjá fullorðins fólks. Andlegur stuðningur við þær aðstæður að flytja úr foreldrahúsum getur falist í því að búa í samneyti við jafnaldra í sömu stöðu undir leiðsögn fullorðinna sem starfa á heimavistum.

Bygging stúdentagarða fyrir nemendur á háskólastigi, svokallaðar Vín-íbúðir eða nokkurs konar samþýli með herbergjum eða stúdíóbúðum sem byggð eru í klasa utan um sameiginlegt eldhús og samverurými eru ótrúlega spennandi leið til að mæta þeim áskorunum sem ungt fólk sem er að flytja að heiman í fyrsta skipti mætir. Mætti skoða hentugleika þessarar og fleiri útfærslna fyrir heimavist fyrir framhaldsskólanema.

Að hafa heimavist í grennd við framhaldsskóla og/eða góðar almenningssamgöngur er fallið til þess að draga úr umferð, stuðla að jákvæðri borgarþróun og jákvæðri upplifun.